

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

18. desember 2025
UOS2501511/S.M.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. nóvember 2025 – ID 33

Þann 17. nóvember 2025 fór fram reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar með fyrimælum um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Sveitarfélagsins Skagafjarðar í Skarðsmóum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.4 í fyrimælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal haga frágangi í samræmi við þær ráðstafanir sem kynntar eru í lokunaráætlun sveitafélagsins. Ljúka skal yfirborðsfrágangi eigi síðar en vorið 2015. Enn er talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, á yfirborði sem bendir til þess að yfirborðslag sé ekki fullnægjandi. **Samkvæmt úrbótaáætlum rekstraraðila sem samþykkt var 25. október 2019 höfðu starfsmenn á vegum sveitafélagsins farið um svæðið og hreinsað úrgangsefni á yfirborði.**
2. Gr. 1.7 í fyrimælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað. **Samkvæmt úrbótaáætlum rekstraraðila sem samþykkt var 25. október 2019 mun sveitarfélagið mæla stöðu og samsetningu grunnvatns á urðunarstaðnum fyrir loka mánaðarins [september 2019] og skila til stofnunarinnar.**
3. Gr. 1.7 í fyrimælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2020 hefur ekki verið skilað.

Eitt frávík kom fram við eftirlit nú er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
Teymi eftirlits

Halla Margrét Viðarsdóttir
Teymi eftirlits